



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
Skúlagötu 4

150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ódagsett skjal, afhent í ráðuneytinu 13. maí sl.**

Samtök atvinnulífsins, Landssamband Íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva þakka fyrir tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreind frumvarpsdrög en lýsa sig jafnframt í öllum aðalatriðum ósammála efni þeirra. Hér er um að ræða annað tveggja lagafrumvarpa sem ætlað er að kollvarpa rekstri starfandi útvegsfyrirtækja og hafa að leiðarljósi að stórauka skattheimtu á sjávarútveg, breyta í grundvallaratriðum aflahlutdeildarkerfi sem hefur í öllum aðalatriðum reynst vel og auka óvissu í greininni. Jafnframt ógna frumvörpin tilveru fyrirtækja sem þjónusta útveginn, setur hag og framtíð starfsmanna útvegsfyrirtækja í uppnám og skapar mikla óvissu um hagsmuni byggðarlaga.

Hér verður fjallað um helstu atriði frumvarpsdraganna:

1. Gert er ráð fyrir skv. 7. gr. að veiðigjald verði hækkað um rúm 70% úr 9,5% í 16,2% af reiknaðri framlegð útgerðarfyrirtækja. Þetta er afleið af ferð til að nálgast svokallaðan „arð af auðlindinni“ sem virðist vera markmið laganna. Í vissum tilvikum getur orðið um skattlagningu á taprekstur að ræða og jafnframt dregur þessi aðferð getu fyrirtækjanna til fjárfestinga og nýsköpunar. Ef skattleggja á útgerðina sérstaklega væri nær að leggja á sérstakan tekjuskatt þannig að ef hagnaður til skatts fer umfram einhver tiltekin mörk falli það sem umfram er í sérstakt tekjuskattsþrep. Þannig yrði skattheimtan sanngjarnari og í betra samræmi við aðferðir sem almennt er beitt til að nálgast s.k. auðlindarentu og gæti endurspeglað mismunandi afkomu innan atvinnugreinarinnar.

Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að ráðherra geti með ákvörðun tekið tillit til mismunandi framlegðar útgerðarflokka en ekki kemur fram hvort þetta veiti honum heimild til að lækka gjald, hækka gjald eða fella það niður. Nauðsynlegt er að kveða nánar á um þetta til dæmis með því að tiltaka skiptingu veiða eftir flokkum fisktegunda þannig að framlegð yrði reiknuð sérstaklega fyrir veiðar bolfisks, uppsjávarfisks, flatfisks, rækju og svo framvegis. Þannig yrði álagning gjaldsins sanngjarnari enda getur framlegð orðið neikvæð við ákveðnar veiðar.

2. Í frumvarpsdrögunum er gert ráð fyrir að úthluta sveitarfélögum 1/5 af álögðu veiðigjaldi samkvæmt ógagnsæjum viðmiðum sem talin eru upp í 8. gr. Þar er sérstaklega hallað á sveitarfélög þar sem gerð eru út vinnsluskip sem fullvinna aflann um borð og sveitarfélög þar sem engar hafnir eru en umsvifamiklar útgerðir. Þá er ekkert tillit er tekið til þess að fiski er landað vítt og breytt um land en aflanum síðan ekið heim til vinnslu.



Auk þessa er gert ráð fyrir í 3. gr. að úthluta sveitarfélögum sérstökum byggðakvóta og að þau geti fénytt beint aflaheimildir en á móti eru rýrðar aflaheimildir útgerðarfyrirtækja. Hér er um frekari skattlagningu á útgerðina að ræða þar sem tekjumöguleikar hennar eru rýrðir sem þessu nemur.

Samtökin telja þetta mjög vondu leið til að auka tekjur sveitarfélaga sem efast má um að standist ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnræði. Miklu nær væri að leggja jöfnunarsjóði sveitarfélaga til fjármagn úr ríkissjóði til úthlutunar til byggða sem uppfylla tiltekin skilyrði. Þannig yrðu reglurnar gagnsærri, skilvirkari og mun líklegri til að skila árangri en þær aðferðir sem hér er lagt upp með.

Byggðakvóti hefur verið hugsaður til að mæta tímabundið röskun í ákveðnum sveitarfélögum vegna breyttra aðstæðna. Slíkar ráðstafanir skekkja samkeppnisstöðu útgerða og draga úr hagkvæmni. Mikilvægt er að ekki sé um of dregið úr hagkvæmni sjávarútvegsins og að aflamagn sem þannig er ráðstafað sé í lágmarki. Í frumvarpinu er lagt til að byggðakvóti verði stóraukinn sem kemur niður á útgerðarfyrirtækjum sem flest eru á landsbyggðinni. Í mörgum tilvikum er einungis um að ræða tilfærslu á milli útgerða í sama sveitarfélaginu. Samtökin leggja því til að horfið verði frá aukningu byggðakvóta.

3. Í 1. gr. (sbr. 9. gr. c.) frumvarpsdraganna er gert ráð fyrir aukningu veiðiheimilda til svokallaðra strandveiða um 2400 tonn af þorski og 600 tonn af ufsa á fiskveiðiárunum 2010/2011 og 2011/2012. Gert er ráð fyrir að á fiskveiðiárinu 2011/2012 geti ráðherra úthlutað þessu aflamagni til fiskiskipa sem eru undir 3 brúttótonnum. Með þessu er stefnt að því að taka enn frekari aflaheimildir frá þeim sem hafa aflahutdeild og færa til aðila sem í mörgum tilvikum hafa áður selt frá sér aflaheimildir sínar. Þannig er verið að viðhalda hringrás sem hefur í för með sér að sömu einstaklingarnir geta komist inn í kerfið aftur og aftur á kostnað þeirra sem fyrir eru. Með þessu verður skipum, sem sækja úr takmarkaðri auðlind, fjölgað með tilheyrandi kostnaði og sóun á sama tíma og fjöldi skipa liggur bundinn eða er gerður út á hálfum afköstum. Þannig er gengið á hlut þeirra sem hafa fiskveiðar að aðalatvinnu og tekjumöguleikar þeirra skertir en öðrum ívilnað. Þá hefur það sýnt sig að í mörgum tilvikum eru gæði hráefnisins ekki upp á það besta.

Dæmi eru um að sami aðili geri út marga standveiðibáta og ekki verður séð að 1. gr. d. komi í veg fyrir það þar sem ekki eru ákvæði um eignarhlut hvers og eins í lögaðila sem gerir út.

Sérstaka athygli vekur að auka á þorskafla á yfirstandandi fiskveiðiári umfram það sem aflaregla sem ríkisstjórnin samþykkti 2009 og hefur ekki verið breytt kveður á um. Samtökin telja mikilvægt að ekki verði horfið frá því grundvallarsjónarmiði að þegar aflamark þarf að skerða vegna ástands fiskistofna þá komi aukning til þeirra sem taka á sig skerðingar þegar uppskeran skilar sér.

4. Tillaga er gerð um að aflahlutdeild útgerða í síld og skötusel verði rýrð (9. gr. a.) og að ríkissjóður leigi í staðinn út heimildir og leggi andvirðið til að auka verðmæti sjávarfangs. Hér er enn um að ræða leið til að rýra tekjur tiltekinna útgerða, það er þeirra sem byggja afkomu sína á veiðum á síld og skötusel, án nokkurra tengsla við afkomu veiðanna.
5. Með 5. gr. frumvarpsins eru þrengd skilyrði þess að fyrirtæki geti átt með sér samstarf og lækkað hlutfall um eignatengsl. Þess eru dæmi að fyrirtæki hafi átt með sér samstarf um langa hríð og að samstarfið hafi bæði verið fyrirtækjunum til góðs, byggðarlögunum þar sem þau starfa sem og starfsmönnum þeirra og viðskiptavinum. Þessum fyrirhuguðu breytingum er mótmælt og bent á að þær geta orðið til þess að veikja enn frekar stöðu viðkvæmra landssvæða og byggðarlaga.



6. Í 2. gr. frumvarpsdraganna er gerð tillaga um að aflaheimildir sem ráðstafað er sérstaklega verði reiknaðar hlutfallslega í þorskígildum, en ekki á grundvelli aflamarks í fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við. Mikilvægt er að látið verði af þeirri mismunun sem í ákvæðum um byggðakvóta, línuívilnun og strandveiðum felast. En á meðan þetta viðgengst þá er ekki rétt að skerðingar komi einungis niður á þeim aðilum sem eiga aflahlutdeild í ákveðnum fisktegundum. Samtökin telja einnig að sú aðferð að skylda útgerðir til að kaupa aflamark í fisktegundum sem þær eiga ekki gangi ekki upp. Þá er algjörlega óhæft að skikka útgerðir til að greiða gjald sem nemur sömu fjárhæð og viðurlög vegna ólögmætra veiða.
7. Samtökin telja enga þörf á að skilgreina sérstakar reglur um að keilu- og lönguafli teljist ekki til aflamarks (9. gr. b.). Ekkert hefur komið fram um að brottkast þessara tegund sé sérstakt vandamál sem ástæða sé til að fjalla um í lögum.

Samtökin lýsa miklum áhyggjum vegna þess að ekkert mat er lagt á hugsanlegar afleiðingar af ákvæðum þessara frumvarpsdraga. Ekki verður séð að málsmeðferðin sé í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 28. september 2010 þar sem fram koma reglur um undirbúning og meðferð stjórnarfrumvarpa né virðist tekið mið af handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem gefin var út af fosætisráðuneytinu, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og skrifstofu Alþingis 2007.

Samtökin eru, eins og ráðuneytinu er kunnugt um, tilbúin til samráðs og samvinnu um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þannig að unnt verði að ná sátt um málaflokkinn. Augljóst er að frumvarpsdrög ráðuneytisins geta ekki orðið grunnur að slíkri sátt. Þau munu kalla fram áframhaldandi deilur og átök á komandi árum og verða tilefni stöðugra breytinga á fiskveiðistjórninni. Þessi átök geta ekki leitt til neins annars en þess að afkoma sjávarútvegsins verður verri en ella og um leið rýra þau hag fyrirtækjanna, fólksins sem hjá þeim starfa, þjónustuaðila, sveitarfélaga og um leið þjóðarinnar allrar.

Samtökin skora á ríkisstjórnina að hverfa af þeirri braut sem mörkuð er með þessu frumvarpi og fyrirhuguðum enn frekari breytingum á stjórn fiskveiða og áskilja sér allan rétt til að koma fram með frekari ábendingar og tillögum um málið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

f.h. Samtaka fiskvinnslustöðva